



SAMGÖNGUSTOFA

# Siðareglur





Siðareglum þessum er ætlað að endurspegla þau viðmið sem starfsfólk Samgöngustofu er sammála um að viðhafa í störfum sínum.

Siðareglunum er einnig ætlað að endurspegla gildi stofnunarinnar sem eru **jákvæðni**, **fagmennska**, **traust** og **virðing**.

Siðareglur þessar eru sáttmáli okkar allra og við gætum þess fyrir okkar leyti að farið sé eftir þeim.





## Fagmennska og ábyrgð

Við störfum í þágu almennings af fagmennsku og sinnum störfum okkar af ábyrgð og samkvæmt okkar bestu dómgreind.

**Við sýnum fagmennsku og ábyrgð í starfi** með því að leita upplýsinga, fylgja lögum, reglum, viðurkenndum starfsháttum, siðareglum og öðrum viðmiðum sem eiga við um störf okkar hverju sinni.



## Heilindi og traust

**Við gætum þess að fjalla um mál viðskiptavina af nærgætni og trúnaði.**

Við gætum þess að hagur viðskiptavina okkar, samstarfsfólks og annarra hagsmunaaðila sé tryggður.

Við gætum trúnaðar og þagmælsku um atriði sem við fáum vitneskju um í starfi samkvæmt ákvæðum laga, fyrirmælum stjórnenda eða eðli máls. Það á við hvort sem um er að ræða atriði sem varða aðila sem Samgöngustofa hefur samskipti við eða hefur eftirlit með, stofnunina sjálfa eða starfsfólk hennar.

## Háttsemi og virðing

Við rýrum ekki trúverðugleika Samgöngustofu með ámælisverðri framkomu, skeytingarleysi um lög eða virðingarleysi.

Við forðumst að viðhafa nokkuð í starfi eða utan þess sem er okkur til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á starf okkar eða vinnustaðinn.

Við komum fram við viðskiptavini og hvert annað af kurteisi og sanngirni.

Við sýnum umburðarlyndi og tökum tillit til ólíkra sjónarmiða.

Við ávinnum okkur virðingu með athöfnum okkar innan Samgöngustofu sem utan.

Við gagnrýnum með uppbyggilegum hætti og beinum ábendingum okkar til þeirra er málið varðar. Við erum hvetjandi við samstarfsfólk okkar og leggjum okkur fram við að bjóða fram aðstoð.

**Við erum sammála um að hvers konar vanvirðing, einelti, áreitni, ofbeldi og önnur ótilhlýðileg háttsemi er aldrei liðin.**



## Hagsmunatengsl og hagsmuna- árekstrar

Við gætum þess að vina-, hagsmuna- og skyldleikatengsl hafi ekki áhrif á störf okkar hjá Samgöngustofu.

**Við nýtum ekki stöðu okkar eða upplýsingar, fengnar í starfi, í eigin þágu eða annarra.**

Við tökum ekki að okkur annað starf sem er ósamrýmanlegt starfi okkar hjá Samgöngustofu. Við tilkynnum til yfirmanns fyrirætlanir um störf utan Samgöngustofu.

Við beitum dómgreind okkar til þess að átta okkur á og koma í veg fyrir mögulega hagsmunárekstra.

Við þiggjum ekki persónulegar verðmætar gjafir vegna starfs okkar.

Við forðumst að fjalla um eða afgreiða mál ef við höfum veruleg tengsl við viðskiptavin eða fyrirtæki eða fyrir hendi eru aðrar aðstæður sem eru til þess eru fallnar að draga megí óhlutdrægni okkar í efa.

